

## Fundargerð háskólaráðs 13. febrúar 2018

### Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

**Mætt:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastýra kennslu og þjónustu, Guðrún Björk Friðriksdóttir verkefnastjóri nemendaskrár og fulltrúi starfsmanna, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Einar Svansson fulltrúi kennara, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara (Skype), Signý Óskarsdóttir gæðastjóri, Teitur Erlingsson fulltrúi grunnema, og Berglind Sunna Bragadóttir fulltrúi grunnema.

**Fjarverandi:** Hróðný Kristjánsdóttir fulltrúi meistaranema, Jóhannes Geir Guðnason fulltrúi grunnema, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi háskólagáttarnema og Íris Gunnarsdóttir áheyrnafulltrúi íbúaráðs

Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Samþykkt.

**2. Drög að dagskrá skólaársins 2018-2019**

Framkvæmdastýra kennslu og þjónustu kynnir dagskrá skólaársins 2018 - 2019, sem þarf að birtast fyrir 1. mars nk. Mesta breytingin á skipulaginu er á vorönn og kemur það til vegna þess hvernig páskar og frídagar raðast vorið 2019.

Háskólaráð samþykkir að dagskráin verði birt, með fyrirvara um breytingar.

**3. Yfirferð yfir regluverk skólans vegna kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis**

Rektor er búinn að vera í sambandi við menntamálaráðuneytið og hefur gert grein fyrir að verið væri að vinna í málinu innan skólans. Stefnan er að klára fyrir lok apríl og vanda til verka. Skólinn mun senda reglur fyrir lok apríl til ráðuneytisins og voru ekki gerðar athugasemdir við það af hendi ráðuneytisins.

Reglugerð 1009/2015 fjallar m.a. um að vinnustaðir þurfi að gera áætlanir um heilsuvernd. Mikilvægt er að við vinnum þetta saman þannig að allir aðilar innan háskólasamfélagsins eigi kost á að koma að þessri vinnu, því er háskólaráð góður vettvangur í þessa vinnu. Markmiðin eru í 2. gr. reglugerðarinnar. Í 3. gr. reglugerðarinnar eru orðskýringar og hægt að styðjast við þær skilgreiningar. Rektor bendir á að ráðuneytið vilji leggja áherslu á forvarnir vegna kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis. Það verði í forgangi og við þurfum að hafa það í huga. Í áætlun um heilsuvernd þarf að koma fram hvernig vinnuaðstæður sé háttað, sjá 5. gr. þar er að finna leiðbeiningar um hvað þurfi að koma fram í áhættumati. Rektor ítrekar í máli sínu að þurfum að skilgreina samfélagið sem við tilheyrum. Samfélag nemenda, samfélag starfsmanna og svo samfélagið á Bifröst. Lítum á okkur sem eitt samfélag.

Í umræðum var m.a. bent á að hér á staðnum skiptir líka máli að það er hótél á staðnum, hvaða áhrif það hafi. Ná þarf utanum allt náms- og starfsumhverfi skólans. Einnig bent á að

Það þurfi að hafa áhrif á menninguna, ráðast að rótinni og þeir sem mynda samfélagið þurfa allir að axla ábyrgð. Skoða þurfi hvert þolendur eigi að leita ef mál koma upp, þarf að vera alveg skýr. Athuga þarf hvort veittur verður sálfræðilegur stuðningur í svona málum. Ferill mála þarf að vera ljós, hvernig skólinn muni bregðast við. Skilaboð stjórnenda og viðbrögð þeirra eru mikilvæg, skiptir máli að þeir séu fyrirmynd. Brýnt að reglur verði aðgengilegar á heimasíðu skólans og einnig til á ensku.

Fram kom hjá deildarforseta félagsvísinda- og lagadeildar að kynjafræði er orðin skylda í HHS fyrir þá nemendur sem innritast næsta haust.

Rektor og fulltrúi starfsfólks lista upp spurningar varðandi þessi mál sem fara til umfjöllunar í deildaráðum, sviðum og nemendafélögum. Bent er á möguleikann á að hafa world cafe og nýta vinnuhelgar þannig að fjarnemar myndu líka eiga kost á að taka þátt í umræðum.

Stefnt er að því að á næsta fundi háskólaráðs verði lögð fyrir drög að verklagsreglum vegna kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis sem og forvarnaráætlun.

#### 4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16.16

Fundarritari: Guðrún Björk Friðriksdóttir